

Mig langar í flóðhest um jólin

Mig langar í flóðhest um jólin
Það væri frábær jólagjöf til mín.
Ég vil ekki dúkku
eða draug sem segir: „Bú!“
Mig langar bara í flóðhest til að knúsa hér og nú!

Mig langar bara í flóðhest um jólin.
Sveinki gæti alveg reddað því.
Hann þyrfti ekki' að troða sér niður skorsteininn.
Hann dinglar bara bjöllunni' og ég hleypi honum inn.

Ég ímynda mér
að læðast niður
og kíkja í skóinn minn.
Hversu óvænt væri það
að kíkja í skóinn minn
og sjá þar flóðhestinn
minn vinka mér!

Mig langar í flóðhest um jólin.
Það væri frábær jólagjöf til mín.
Ég vil ekki dúkku
eða draug sem segir: „Bú!“
Mig langar bara í flóðhest til að knúsa hér og nú!

Og flóðhesturinn hann vill líka mig!



Lag: I Want a Hippopotamus for Christmas
Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir íslenskaði